

15. fundur sveitarstjórnar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps þriðjudaginn 10. mars og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Egill Sigursson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti bauð Brynju Jónu Jónasdóttir velkomna í sveitarstjórn Ásahrepps.

Dagskrá:

1. Fundargerð 14. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 30. janúar yfirfarin.

2. Ljósleiðari staða mála.

Oddviti gerir grein fyrir stöðu mál í ljósleiðaraverkefninu.

Komið er að því að senda verkefnið í fortílkynningu til ESA og í framhaldi að því að fara í endanlega hönnun og kostnaðargreiningu. Fyrsti þáttur þess eru heimsóknir til landeigenda ásamt veitustofnana. Eftir að landeigendur hafa verið sóttir heim verður til uppfærð og nákvæmari kostnaðaráætlun. Út frá þeirri áætlun tekur sveitastjórn endanlega ákvörðun um verkefnið.

3. Málafni varðandi Orkuveitu Reykjavíkur.

Matsbeiðni lögð fram til staðfestingar.

Samþykkt

4. Fjallskil álagning.

Fjallskilasjóður Ása- og Djúpárhrepps, rekstraryfirlit 2014 yfir farið.

Fundargerð frá fundi í fjallskiladeild Holtamannafréttar, haldinn að Laugalandi 26. febrúar 2015 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Gjald fyrir land verður 11.000 kr. álagningagjald fyrir rekna kind verði 250 kr. og gjald fyrir ásett fé 250 kr. 100% afsláttur af ásettu fé.

Fundargerð og álagning samþykkt

5. Skipan í nefndir.

Nýja varamenn í stað Björgvins G. Sigurðssonar í samráðsnefnd um Holtamannafrétt og Fjallskiladeild Holtamannafréttar. Í stað Renate Hannemann þarf að skipa nýja aðalmenn í Atvinnu- og ferðamálanefnd, Fræðslunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra og nýjan varamann í Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Samþykkt að skipa Brynju Jónu Jónasdóttur til vara í samráðsnefnd um Holtamannafrétt.

Samþykkt að skipa Brynju Jónu Jónasdóttur til vara í Fjallskiladeild Holtamannafréttar.

Samþykkt að skipa Karl Ölvisson sem aðalmann í Atvinnu- og ferðamálanefnd.

Samþykkt að skipa Brynju Jónu Jónasdóttur sem aðalmann í Fræðslunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra.

Samþykkt að skipa Elínu Grétarsdóttur til vara í Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

6. Tillaga að reglum um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í Ásahreppi.

Samþykkt.

7. Sérfræðiskýrsla PWC.

Niðurstaða á mati á áhrifum fjárfestingar á fjárhag sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði 66. gr. laga nr. 138/2011 á fyrirhugaðri ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins kynntar af oddvita. Niðurstaða mats er að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins ráði fyllilega við þá fjárfestingu sem fyrirhuguð er við lagningu ljósleiðar til lögbýla/heimila í sveitarfélaginu.

7. Leikskólinn.

Umræður um hvernig bregðast eigi við skorti á faglærðu fólki þ.e. leikskólakennurum í leikskólanum. Sveitarstóra falið að vinna að tillögum að aðgerð í samvinnu við sveitarstjóra Rangárþings ytra.

8. Erindi til sveitarstjórnar:

- a) **Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna, 338. mál.**
Þingsályktunartillagan lögð fram
- b) **Beiðni Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni (heildarlög, EES-reglur), 504. mál.**
Frumvarpið lagt fram
- c) **Beiðni, Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um farmflutninga á landi (aukið eftirlit, starfsleyfi o.fl., EES-reglur), 503. mál.**
Frumvarpið lagt fram
- d) **Beiðni um styrktarlínu, logo eða auglýsingu í Skinfaxa- UMFÍ.**
Hafnað
- e) **Styrktarsjóður Sólheima. Frjálst framlag til þess að hægt verði að klára endurbyggingu á mötuneytishúsinu fyrir 85 ára afmæli Sólheima.**
Hafnað
- f) **Hið íslenska Biblíufélag 200 ára. Félagið gefur nú út sérstakt afmælisblað í tilefni þessara merku tímamóta þar sem fyrirtækjum gefst kostur á að styðja við starfið í formi afmælisveðju.**
Hafnað
- g) **Styrktarumsókn vegna ferðar kórs Menntaskólans á Laugavatni til Danmerkur.**
Hafnað
- h) **Umsókn frá Símoni Teitssyni um samning vegna refa og minka veiða fyrir neðan Hrauneyjar.**
Hafnað þar sem þetta landsvæði tilheyrir Rangárþingi ytra
- i) **Icelandic Times vorblöð, ensk útgáfa, þýsk heilsársútgáfa og frönsk heilsársútgáfa. Beiðni um auglýsingu eða grein.**
Hafnað.
- j) **Karлакór Rangæinga sækir um styrki inn í félagsstarfið með útgáfu söngskrár. Í söngskráin eru seldar auglýsingar.**
Samþykkt að styrkja um 20.000 kr.
- k) **Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG). Tillaga NKG að upphæð styrks eru 45 til 250 þúsund kr. eftir stærð sveitarfélaga.**
Hafnað
- l) **Páskablað Samhjalpar. Beiðni um styrktarlínu.**
Hafnað

9. Fundargerðir:

- a) **164. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, miðvikudaginn 25. febrúar 2014**

Lagt fram til kynningar

b) 84. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 12. febrúar 2015 mál nr. 2 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 16 kynningu

Mál nr. 2. Reglugerð um hollustuhætti. Ákvæði 24. gr. um fjarlægð 1502041. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Skipulagsnefndar og tekur undir áskorun nefndarinnar á Umhverfis- og auðlindaráðuneytið um að endurskoða ákvæði 24. greinar um hollustuhætti nr. 941/2002.

Mál nr. 16: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 15-01 – 1501001F Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. febrúar 2015.

c) 85. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 26. febrúar 2015 mál nr. 22 þarfnast kynningar.

Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 15-02 – 1502001F Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. febrúar 2015.

d) 2. fundur Atvinnu og ferðamálanefndar haldinn á Laugalandi 17. feb. 2015

Lagt fram til kynningar

e) 23. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellisýsu haldinn 16. feb. 2015

Lagt fram til kynningar

f) 33. fundur stjórnar Vatnsveitunar, 6. mars 2015

Lagt fram til kynningar

g) Fundur stjórnar Lunda 3. mars 2015

Lagt fram til kynningar

h) Viðræðunefnd Rangárbings ytra og Ásahrepps -fundur 2

Lagt fram til kynningar

i) Viðræðunefnd Rangárbings ytra og Ásahrepps -fundur 3

Lagt fram til kynningar

j) Viðræðunefnd Rangárbings ytra og Ásahrepps -fundur 4

Lagt fram til kynningar

10. Ráðning nýs sveitarstjóra.

Nanna Jónsdóttir starfandi sveitarstjóri Ásahrepps gefur kost á sér til þess að gegna starfinu áfram fái hún til þess umboð sveitarstjórnar.

Eftir umræður varð ákveðið að frestað dagskrárliðnum til 24. mars 2015 og mun Nanna Jónsdóttir sinna starfi sveitarstjóra þangað til.

samþykkt

11. Önnur mál.

- I. Kynnisferð Skipulagsnefndar uppsveitar til Skotlands. Minnisblað með stefnumörkun um vindmyllur lagt fram til kynningar.

Samþykkt að varaoddviti sem jafnframt er fulltrúi sveitarfélagsins í skipulagsnefnd, fari í umrædda kynnisferð á vegum sveitarfélagsins.

- II. Fyrirspurn frá Ástu B. Ólafsdóttur og Gísla Sveinssyni Miðási. „Okkur langaði að spyrjast fyrir um hvort væri hægt að sækja um styrk á móti C stofni fasteignagjalda eins og verið hefur.“

Í núgildandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er ekki gert ráð fyrir styrkjum sem tengjast C stofni.

- III. Skipaður fulltrúi Ásahrepps í Öldungaráð á félagssvæði félags eldri borgara í Rangárvallasýslu Ásta B. Ólafsdóttir. Sveitarstjóra falið að finna varamann.

Til kynningar:

- A. Breyting á reglugerð 1042/2013, um lánveitingar íbúðalánasjóðs til sveitarfélaga.

Ráðherra hefur samþykkt reglugerð sem hefur verið send til birtingar. Hún felur annars vegar í sér hækkun viðmiðunarverða um 15% frá því sem áður var auk þess sem orðalagi viðkomandi greinar var breytt í þá veru að ekki skuli lengur uppfæra í takt við byggingarvísitölu heldi verði tekin sjálfstæð ákvörðun með hlíðsjón af almennri verðþróun ár hvert. Hins vegar eru tekju- og eignamörk uppfærð í takt við almenna launþróun.

Sveitarstjórn

- B. Bann við sýningum kvikmynda í skólum án samninga.
- C. 826. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- D. 238. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. 2. febrúar 2015.
- E. Fundar stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.
- F. 824. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, föstudaginn 30. janúar 2015.
- G. 162. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 13. febrúar sl.
- H. 825. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var mánudaginn 16. febrúar sl.
- I. „Sóum minna – nýtum meira“ Ráðstefna um lífrænan úrgang.
- J. 239. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. 2. mars 2015.
- K. Ársskýrsla íþróttafélagsins Garps 2014
- L. Vakið máls á vegtengingu frá efra íbúðarhúsi í Hesteimum við Einholts veg. Sveitarstjóra falið að skoða málið.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt
Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 20:50

Næsti fundur ákveðinn 24. mars 2015